

VIÐAR HÁLFÞEKJANDI

- Gerð:** Vatnsþynnt hálfþekjandi olú viðarvörn.
- Notkunarvið:** VIÐAR HÁLFÞEKJANDI er ætlað að verja og lita glugga, viðarklæðningar, þakkanta, girðingar o.þ.h. utanhúss. Hentar einnig til að fríska upp á áður málaða fleti með hálfþekjandi viðarvörn.
- Eiginleikar:** VIÐAR hálfþekjandi viðarvörn er vatnsþynnanleg, létt í vinnslu, slettist lítið og dregur fram viðarmynstur. Hefur góða smýgni- og vætieiginleika, ásamt því að mynda háfgljáandi, sterka, vatnsfráhrindandi og veðurþolna filmu. Lituð viðarvörn ver viðinn gegn niðurbrotsáhrifum sólarinnar. Ekki er mælt með að nota eingöngu glæra viðarvörn. VIÐAR HÁLFÞEKJANDI er einfaldur í notkun og minnkar losun á lífrænum leysum samanborið við klassíska viðarvörn.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Stofnar:	Glær (Stofn 1) og Stofn 9
Litir:	Hægt að lita í fjölda lita.
Gljástig:	Hálfgljáandi
Efnisnotkun:	4-8 m ² /l óheflaður viður 8-12 m ² /l heflaður viður
Pakkingar:	1,0 l og 4,0 l
Áhöld:	Mjúkur pensill
Purrktími og yfirmálun:	Snertipurtt eftir um 2-4 klst. Yfirmálun oftast næsta dag. Yfirborðið getur verið viðkvæmt fyrstu dagana.
Eðlismassi:	~1,0 g/ml
Purrefni:	~24%
Geymsla:	Geymið í lokuðum umbúðum dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa.
VOC:	Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/e 130 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 30 g/l

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

VERKLÝSING

- Undirbúningur:** Fjarlægið öll óhreinindi og gróður með viðeigandi efnum. Viðarkvoðu skal skafa burt og þrifa. Fjarlægið lausa gamla málningu, gráma og fúinn við. Mattið gljáandi fleti. Rakastig viðarins skal vera undir 18% við málnun, en um 12% á gluggum og hurðum..
Mettið nýja og ómálaða viðarenda, álagsfleti og sjúgandi fleti með VIÐARI TRÉVÖRN.
- Notkunar aðstæður:** Heppilegast er að flöturinn sé yfir 5°C og ekki heitari en 25°C. Loftraki þarf að vera undir 80%. Bíðið með notkun ef búast má við rigningu eða ef aðstæður eru óhentugar fyrir notkun. Forðist að vinna í beinu sólarljósi.
- Vinnutilhögun:** Málið 1–2 umferðir með lituðum VIÐAR HÁLFÞEKJANDI. Notið pensil og málið fjöl fyrir fjöl, til að fá jafna og fallega áferð. Hafi fyrri umferð gefið þann lit sem óskað er, skal sú seinni vera glær, því liturinn dökkar við hverja umferð. Endanlegur litur kemur ekki fram fyrr en viðarvörnin er þornuð, almennt dökkar hann og dýpkar við þornun.
- Hreinsun áhald:** Með penslasápu strax eftir notkun og við notkun ef þess gerist þörf.
- Athugið:** Eftir opnun minnkar geymsluþol. Berið aðeins á nýjan eða ómálaðan við. Klúta vætta í VIÐAR HÁLFÞEKJANDI ætti að metta með vatni vegna hættu á sjálfsíkveikju. Gott er að bleyta pensilinn með vatni fyrir notkun. Ef olían situr eftir í penslinum skal þrifa hann reglulega með penslasápu. Inniheldur sæfiefni til að verja þurra filmu. Sæfiefnið inniheldur IPBC.